

**Umsögn um frumvarp til laga um þungunarrof
149. löggjafarþing 2018-2019
Þingskjal 521 — 393. mál**

Reykjavík, 24. janúar 2019

Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við fyrirbyggjandi frumvarp um þungunarrof og tel það vera mikla og þarfa réttarbót. Bakslag hefur orðið undanfarin ár í kvenréttindum og baráttu fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna víðs vegar um heiminn og er mjög gleðilegt að íslensk stjórnvöld hafi við þær aðstæður ákveðið að leggja fram framsækið og réttsýnt frumvarp um eitt mikilvægasta lýðheilsumál kvenna, rétt þeirra til að taka eigin ákvarðanir um líkama sinn.

Í umsögn sinni bendir Skurðlæknafélag Íslands á að ákvæði 7. gr. frumvarpsins um hverjir megi framkvæma þungunarrof séu óþarflega ströng og komi í veg fyrir að aðgengi verði að þessari þjónustu á ákveðnum stöðum á landsbyggðinni. Félag íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna tekur í sama streng í sinni umsögn. Ég tek undir þessar áhyggjur og hvet löggjafann til að samþykkja breytingartillögu þessara fagfélaga.

Einnig tek ég undir athugasemd Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur við 9. gr. frumvarpsins þar sem bent er á að þjónustan ætti ekki eingöngu að vera gjaldfrjál fyrir sjúkratryggðar konur héraendis heldur einnig fyrir konur sem komið hafa til landsins í leit að alþjóðlegri vernd.

Virðingarfyllt,
Herdís H. Schopka
200274-5209